

# Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

**Númer fundar:** 1008

**Dagsetning:** 12. desember 2023 klukkan 8:30

**Staðsetning fundar:** Álfabakka 16, Reykjavík.

**Fundinn sátu:** Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir (GUP), Helgi Þorsteinsson (HP), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM) sat fundinn undir liðum 1 til 9, Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKÞ) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

**Gestir fundarins:** Hanna Lind Garðarsdóttir og Sigurborg Jónsdóttir mannauðsráðgjafar sátu fundinn undir lið 10.

## Efni fundarins

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 5. desember 2023 var samþykkt samhljóða.

### 2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar fram að jólum.

### 3. Ráðgjöf geðlækna

Umræður um ráðgjöf geðlækna HH hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands og hjá Sjúkrahúsinu á Akureyri. Unnið er að útfærslu sem gerir ráð fyrir því að geðlæknar frá HH fari í viku í senn til Akureyrar fram á vor. Þegar útfærslan er ljós þarf að semja formlega um samstarfið. GUP mun vinna áfram að málinu í samstarfi við SKÞ.

### 4. Verkefni í geðþjónustu

Rætt var um minnisblað með tillögum um þróun verkefnastofu geðheilbrigðisþjónustu HH. Framkvæmdastjórn taldi að skoða þurfi málið betur áður en ákvörðun er tekin. Einnig var fjallað um tillögu leiðtoga sálfræðinga fullorðinna um verklag sálfræðinga í fyrstu línu. Framkvæmdastjórn samþykkir tillöguna og felur GUP að upplýsa um niðurstöðuna.

### 5. Húsnæðismál

Rætt var um nýtingu húsnæðis í Vegmúla og möguleika á að koma Geðheilsuteymi fangelsa fyrir í húsinu. Ákveðið að kanna hvort hægt sé að skoða nýtingu á herbergjum í Vegmúla nú þegar komin er reynsla á starfsemi í húsinu. GUP falið að boða fund með forstöðumanni Geðheilsumiðstöðvar barna til að ræða framhaldið.

Umræður um húsnæðismál heilsugæslustöðva. Fundað verður á næstunni með Framkvæmdasýslu ríkisins og fulltrúum fjármálaráðuneytis um útboð á húsnæði fyrir heilsugæslustöð á Völlunum í Hafnarfirði, nýtt húsnæði fyrir Heilsugæsluna Miðbæ og stækkun húsnæðis Heilsugæslunnar Garðabæ. SDM og HP munu halda áfram með málið.

Rætt var um aukið samstarf heilsugæslustöðva í Efstaleiti og Glæsibæ annars vegar og Efra-Breiðholti og Mjódd hins vegar. Samráðsferli er í gangi með starfsfólkinu og engar ákvarðanir verið teknar um framhaldið. RÓE og NSK munu vinna málið áfram.

## 6. Innleiðing þjarka

Rætt var um möguleika á innleiðingu þjarka á sviði mannauðsmála og fjármála og mögulegt samstarf við Heilbrigðisstofnun Norðurlands. Framkvæmdastjórn tók vel í hugmyndirnar og fól HP að halda áfram við málið.

## 7. Fyrning orlofs

Umræður um orlofsstöðu hjá starfsfólki HH og fyrningu orlofs. Launadeildin mun taka út stöðu orlofs eftir áramót og mun SKP fylgja málinu eftir.

## 8. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál. Rætt var um endurskoðun á öryggismálum starfsmanna og HP falið að hafa umsjón með þeirri vinnu. Einnig var rætt um heilsustyrk HH til starfsfólks og mögulegar breytingar á nýju ári. SKP var falið að klára breytingar svo hægt sé að kynna þær í byrjun næsta árs.

## 9. Heilsugæsla í fangelsinu á Hólmsheiði

Rætt var um verklag við heilsugæslupjónustu á Hólmsheiði á næsta ári og hvernig hægt er að koma á bakvöktum lækna og/eða hjúkrunarfræðinga. RÓE var falið að halda áfram með málið.

## 10. Starfsdagur stjórnenda

Hanna Lind Garðarsdóttir og Sigurborg Jónsdóttir mannauðsráðgjafar komu á fundinn til að ræða um hugmyndir fyrir starfsdag stjórnenda sem fyrirhugaður er 15. febrúar. Unnið er að því að vinna úr niðurstöðum síðasta starfsdags og verða þær kynntar fyrir framkvæmdastjórn í byrjun næsta árs. SKP mun vinna málið áfram með sínu starfsfólki.

## 11. Fræðadagur HH

Kynningu á niðurstöðum könnunar meðal þátttakenda á Fræðadegi HH 2023 var frestað til næsta fundar.

## Aðgerðir og verkefni

- Ljúka þarf útfærslu á ráðgjöf geðlækna HH við SAK og HSN, sjá lið 3.  
Ábyrgð: GUP í samráði við SKP
- Upplýsa þarf leiðtoga sálfræðinga fullorðinna um að verklag hafi verið samþykkt og ræða við verkefnastjóra geðteyma um að skoða þurfi betur hugmyndir um verkefnastofu, sjá lið 4.  
Ábyrgð: GUP
- Boða þarf fund til að óska eftir úttekt á nýtingu húsnæðis í Vegmúla, sjá lið 5.  
Ábyrgð: GUP
- Vinna þarf áfram að því að fá húsnæði fyrir heilsugæslustöðvar, sjá lið 5.  
Ábyrgð: SDM og HP
- Áfram þarf að vinna að auknu samstarfi stöðva, sjá lið 5.  
Ábyrgð: RÓE og NSK

- Móta þarf verklag við innleiðingu þjarka og samstarfi við HSN, sjá lið 6.  
Ábyrgð: HP
- Fylgja þarf eftir úttekt á stöðu orlofs eftir áramót, sjá lið 7.  
Ábyrgð: SKP í samráði við HP
- Koma þarf vinnu við endurskoðun á öryggismálum starfsfólks HH í formlegt ferli, sjá lið 8.  
Ábyrgð: HP
- Ljúka þarf vinnu við endurskoðun á reglum HH um heilsustyrk svo hægt sé að kynna þær fyrir starfsfólki í byrjun næsta árs, sjá lið 8.  
Ábyrgð: SKP
- Vinna þarf áfram með breytingu á verklagi við heilsugæsluþjónustu í fangelsinu á Hólmsheiði, sjá lið 9.  
Ábyrgð: RÓE
- Vinna þarf áfram hugmyndir fyrir starfsdag stjórnenda, sjá lið 10.  
Ábyrgð: SKP

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:35.